

Minnisblað, 10 desember 2019

**Til:** Rannveigar Einarsdóttur

**Afrit:** Rósu Steingrímsdóttur,

**Frá:** Guðmundi Sverrissyni

**Dags.:** 11.12.2019

**Málsnúmer:**

**Efni:** Fyrirspurn vegna félagslegs íbúðakerfis

*Fyrirspurn Samfylkingarinnar*

*Félagslega íbúðakerfið - hækkun leigu og breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning*

1. Ef tillaga um hækkun leigu á félagslegum íbúðum um 21% gengur eftir eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun næsta árs mun það á óbreyttu hafa veruleg áhrif á stöðu leigjenda hjá bænum. Í því ljósi er óskað upplýsinga um eftirfarandi atriði:
  - a. Hversu margar íbúðir eru í útleigu í félagslega íbúðakerfinu í dag hjá Hafnarfjarðarbæ?
  - b. Hvað er áætlað að 21% hækkun á leigu skili húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðar í auknum tekjum á næsta ári?
  - c. Við breytingar á reglum um félagslegar íbúðir hjá Hafnarfjarðarbæ og reglum um sérstakan húsnæðisstuðning, hversu mikið má ætla að sérstakur húsnæðisstuðningur hækki hjá Hafnarfjarðarbæ á næsta ári?
  - d. Í hve mörgum tilvikum mun greiðslubyrði leigjenda minnka með breytingum á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning?
  - e. Í hve mörgum tilvikum mun aukin greiðslubyrði vera innan viðmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga leigjenda í tengslum við lífsskjerasamninganna um að hækkanir fari ekki yfir 2,5% á næsta ári?
  - f. Í hve mörgum tilvikum mun greiðslubyrði leigjenda hækka um 2,5 - 5,0%?
  - g. Í hve mörgum tilvikum mun greiðslubyrði leigjenda aukast um 5,0% - 10,0%?
  - h. Í hve mörgum tilvikum mun greiðslubyrði leigjenda aukast um meira 10,0%?
  - i. Að teknu tilliti til hækkunar á leigu um 21%, skv. fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar, og breytinga á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning, hvað má áætla að meðaltalshækkun verði á greiðslubyrði leigjenda í félagslega íbúðakerfinu á næsta ári?

Óskað er eftir að svör liggja fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar þann 11. desember nk.

Árni Rúnar Þorvaldsson  
Fulltrúi Samfylkingarinnar

Svör:

- A. Íbúðirnar eru 265
- B. Áætlunin gerir ráð fyrir 86,546 m.kr hækkun á húsaleigutekjum á milli ára eða 27%. Það er umfram fyrirhugaða 21% hækkun en skýringin er fjölgun íbúða á árinu 2019 og fyrirhuguð fjölgun 2020.  
**Eftirfarandi svör byggja á upplýsingum frá október sl. í úrtaki 86% leigutaka þar sem upplýsingar um tekjur og eignir vantar frá 14% leigjenda. Eftirfarandi upplýsingar eru s.s. byggðar á svörum 227 leigjanda í kerfinu.**
- C. Gera má ráð fyrir að framlag sveitarfélagsins verði umfram hækkanir á húsaleigu sem nemur um 1,2% eða 2,2 m.kr. Leiguhækkun á þennan hóp er um 60,1 m.kr en gera má ráð fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur hækki um 62,3 m.kr. á ári.
- D. Áætlað er að greiðslubyrði lækki hjá 129 leigjendum eða 56% leigjenda og hækki hjá 98 leigjendum.
- E. 24 leigjendur
- F. 15 leigjendur
- G. 17 leigjendur
- H. 42 leigjendur
- I. Meðalleiga lækkar úr 69.829 kr. í 69.025 kr. eða 1,2%.

Guðmundur Sverrisson, 11.12.2019